

Héraðsdómur Reykjavíkur

Úrskurður 10. júní 2025

Mál nr. E-4846/2021:

Protabú ACE Handling ehf.

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

gegn

Hilmari Ágúst Hilmarssyni

(Ólafur Eiríksson lögmaður)

Úrskurður

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð, 20. maí sl., var höfðað með stefnu, birtri 26. ágúst 2021, af stefnanda, þrotabúi ACE Handling ehf., [...], á hendur stefnda, Hilmari Ágústi Hilmarssyni, með lögheimili í [...].

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 19.200 evrur með vöxtum, samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 3.000 evrum frá 12. febrúar 2019 til 20. febrúar 2019, af 4.200 evrum frá þeim degi til 21. júlí 2020, af 9.200 evrum frá þeim degi til 12. ágúst 2020 og af 19.200 evrum frá þeim degi til 20. febrúar 2021, og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 3. mgr. 5. gr. og 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnda verði þá einnig gert að greiða stefnanda 350.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 200.000 krónum frá 18. desember 2018 til 15. júlí 2019 og af 350.000 krónum frá þeim degi til 21. júlí 2020, og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 3. mgr. 5. gr. og 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess þá enn fremur að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað og að málskostnaður beri dráttarvexti frá dómsuppsögu til greiðsludags samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 9. gr. sömu laga.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda, en til vara krefst stefndi þess að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega.

Þá krefst stefndi í öllum tilvikum málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefndi hafði uppi frávísunarkröfu í málinu er var hafnað í úrskurði 13. janúar sl.

Ágreiningsefni og málsatvik

Þann 13. desember 2018 var bú ACE Handling ehf. tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur. Var Sveinn Andri Sveinsson skipaður skiptastjóri.

ACE Handling ehf. var stofnað í febrúar 2012 af Hilmarí Ágústi Hilmarssyni og Guðfinnu M. Sævarsdóttur í gegnum félögin Arwen Establishment og GX Holding. Tilgangur félagsins var flugafgreiðsla og önnur þjónusta við flugfélög á Keflavíkurflugvelli. Stofnendur og fyrrum fyrirsvarsmenn stefnanda hafa rekið og reka nokkur félög í tengdri starfsemi og ótengdri. Þar á meðal eru ACE Handling ehf. og ACE FBO ehf. Arwen Establishment, félag stefnda, er eigandi hlutfjár í ACE FBO ehf.

Þann 2. maí 2018, eða fjórum mánuðum eftir frestdag, afsalaði ACE Handling ehf. til ACE FBO ehf. 17 tækjum sem notuð eru við þjónustu við flugvélar. Áhvílandi á 16 af þeim tækjum voru tvö tryggingarbréf sem stóðu til tryggingar á skuldbindingum ACE FBO við Landsbankann. Sautjándi tækið, AMSS 300 lyftari, lyftitæki og færiband á flugvelli, með skráningarnúmer JV0128, árgerð 2001, stóð hins vegar ekki til tryggingar á kröfum bankans samkvæmt téðum tryggingarbréfum Landsbankans og var því framselt til ACE FBO, án nokkurs endurgjalds. Þessum gerningi var rift með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4410/2019, 19. júní 2020, og ACE FBO þá gert að greiða stefnanda, þrotabúi ACE Handling ehf., 4.901.600 krónur með nánar tilgreindum vöxtum og 800.000 krónur í málskostnað. ACE FBO áfrýjaði þeim dómi, en í kjölfar áfrýjunar var, 1. september 2020, gerð árangurslaus löggeymsla hjá ACE FBO ehf. og félagið síðan úrskurðað gjaldþrota, 21. október 2020. Frestdagur er 2. september 2020. Skiptastjóri þrotabúsins, Ívar Pálsson hrl., féll frá áfrýjun málsins.

Eftir rannsókn á fjárhagsmálefnum og á bókhaldi þrotabús ACE FBO ehf. varð niðurstaða skiptastjóra þess félags að ekki hafi allt verið með felldu í fjárhagslegum samskiptum ACE FBO ehf. og stefnda. Var sjónum beint að greiðslum til stefnda og félaga hans og óheimilum úttektum stefnda af bankareikningum ACE FBO ehf.

Samkvæmt bókhaldi ACE FBO ehf. voru, 18. desember 2018, 200.000 krónur greiddar af reikningi þess inn á reikning stefnda og 15. júlí 2019 voru 150.000 krónur greiddar inn á reikning stefnda. Við hvoruga greiðsluna voru nokkrar skýringar. Var þessum greiðslum rift með bréfi skiptastjóra, 20. janúar 2021, og endurgreiðslu fjárhæðarinnar krafist, sbr. 1. mgr. 142. gr. laga 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. (gpl).

Samkvæmt bókhaldi ACE FBO ehf. voru, 12. febrúar 2019, greiddar 3.200 evrur (EUR) af reikningi félagsins inn á reikning Kimi Residence Sarl, félags í eigu stefnda, er skráð er í Cannes í Frakklandi. Skömmu síðar, eða 20. febrúar 2019, voru greiddar EUR 1.200 inn á reikning sama félags. Í samskiptum við skiptastjóra var því borið við af stefnda að um væri að ræða greiðslu fyrir gistiþjónustu. Það fái að mati stefnanda ekki staðist enda sé í bókhaldi ACE FBO ehf. engan reikning að finna frá Kimi Residence fyrir gistiþjónustu er stemmi við þær greiðslur. Með bréfi skiptastjóra 20. janúar 2021 var greiðslum þessum rift og endurgreiðslu krafist, sbr. 1. mgr. 142. gr. gpl.

Samkvæmt bókhaldi ACE FBO ehf. voru, 21. júlí 2020, EUR 5.000 greiddar af reikningi félagsins inn á reikning Arwen Establishment, félags í eigu stefnda, sem

skráð er í Liechtenstein. Þann 12. ágúst 2020 voru síðan greiddar EUR 10.000 af reikningi ACE FBO ehf. inn á reikning Arwen Establishment. Engar skýringar voru á þessum greiðslum í bókhaldi ACE FBO ehf. Í samskiptum við skiptastjóra var því lýst yfir af hálfu stefnda að um endurgreiðslu á láni hafi verið að ræða. Það telji stefnandi ekki standast enda ekkert í bókhaldi ACE FBO ehf. um lánveitingar til félagsins frá Arwen Establishment. Með bréfi skiptastjóra, dags. 20. janúar 2021, var greiðslum þessum rift og endurgreiðslu fjárhæðarinnar krafist, sbr. 1. mgr. 142. gr. gþl.

Stefndi hafi ekki sinnt bréfum skiptastjóra þrotabús ACE FBO ehf., er hafi síðan ákveðið að höfða ekki mál gegn stefnda, en skiptabeiðandi, stefnandi, þrotabú ACE Handling ehf., hafi höfðað mál þetta til hagsbóta fyrir þrotabú ACE FBO ehf.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Þó svo að þrotabú geti af einhverjum ástæðum ekki náð fram riftun á ráðstöfun þrotamanns skömmu fyrir upphaf gjaldþrotaskipta girði það þó ekki fyrir þann möguleika að þrotabú geti eftir sem áður gert kröfu um að bætt verði það tjón sem hlotist hafi af ráðstöfun. Þrotabú geti þannig beint skaðabótakröfu að þriðja manni og þannig fengið tjón sitt bætt. Skilyrði þess sé að háttsemi viðkomandi þriðja manns sé saknæm. Megi um þetta vísa til nýlegs fordæmis Landsréttar í máli nr. 155/2018, þar sem stefndi, „skuggastjórnandi“, hafi verið dæmdur til greiðslu skaðabóta vegna greiðslna til erlends birgis, án þess að riftunarkröfu hafi áður verið beint að birginum.

Krafa stefnanda á hendur stefnda um greiðslu skaðabóta byggir annars vegar á almennu skaðabótareglunni, en stefndi hafi með þeirri ákvörðun, sem fyrirsvarsmáður og eigandi ACE FBO ehf., að láta ACE FBO ehf. greiða sjálfum sér og félögum í sinni eigu umrædda fjárhæð valdið þrotabúinu tjóni er nemi andvirði þeirra greiðslna sem inntar hafi verið af hendi og að sama skapi stuðlað að eigin auðgun. Ástæða þess að þessar kröfur hafi verið gerðar upp, en ekki fjölmargar aðrar kröfur, sbr. kröfuskrá, sé nokkuð augljós, þ.e. að þar hafi ráðið fjárhagslegir hagsmunir stefnda og hans félaga.

Greiðslur ACE FBO ehf. til stefnda og félaga í hans eigu hafi í fyrsta lagi leitt til þess að fjármunirnir hafi ekki verið til reiðu til fullnustu kröfuhöfum stefnanda. Í öðru lagi hafi ACE FBO ehf. verið ógjaldfært á þeim tíma sem ráðstöfunin hafi farið fram. Í þriðja lagi sé byggt á því að stefndi hafi verið fullkomlega meðvitaður um ógjaldfærni ACE FBO ehf. Það hafi verið algjörlega ljóst þegar greiðslan hafi átt sér stað að ekki yrði um áframhaldandi rekstur að ræða á ACE FBO ehf. og að framundan væru gjaldþrotaskipti. Þá sé byggt á því að ACE FBO ehf. hafi, á þeim tíma sem greiðslan hafi átt sér stað, ekki getað staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Félagið hafi því verið ógjaldfært og enn ógjaldfærara við þessar greiðslur. Allar þær greiðslur sem mál þetta lúti að hafi verið inntar hendi innan 24 mánaða frá frestdegi, þann 2. september

2020, og sé því stefnda að sýna fram á gjaldfærni ACE FBO ehf. á þeim tíma sem þær hafi verið inntar af hendi, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 19/2020.

Hins vegar sé á því byggt að téðar greiðslur er átt hafi sér stað á milli aðila hafi ekki verið á viðskiptalegum forsendum, heldur verið um að ræða annaðhvort greiðslur á persónulegum kostnaði stefnda eða óheimilar lánveitingar til hans, sem leiði til þess að stefnandi eigi kröfu á því að stefndi endurgreiði þrotabúinu ofangreinda fjárhæð, þar sem lánveitingarnar séu í andstöðu við reglur XII. kafla laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög (ehfl.). Samkvæmt þeim ákvæðum sé því aðeins heimilt að greiða fé til hluthafa þá um sé að ræða úthlutun arðs, endurgreiðslu vegna lækkunar hlutafjár eða varasjóðs, eða vegna félagsslita. En um ekkert slíkt hafi hér verið að ræða.

Byggt sé á því að í öllum tilvikum hafi verið um að ræða óheimilar lánveitingar í skilningi 1. mgr. 79. gr. ehfl., sem stefnda beri að endurgreiða, ásamt dráttarvöxtum, sbr. 4. mgr. 79. gr. s.l. Það ákvæði feli í sér bann við hvers kyns lánveitingum til hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra, að undanskildum venjulegum viðskiptalánnum. Greiðsla á persónulegum kostnaði falli undir hugtakið lánveitingu í skilningi ákvæðisins. Í öllu falli sé um að ræða óheimilar lánveitingar í skilningi 79. gr. ehfl., er hafi verið í andstöðu við ákvæði ehfl. og verði að endurgreiða með vöxtum á grundvelli 77. gr. ehfl. Ákvæði ehfl. um ábyrgð stjórnarmanna eigi við í þessu tilviki.

Rétt sé að halda til haga því mati að ekki sé á því nokkur vafi að greiðslur þær er í máli þessu séu gerðar kröfur um að verði bættar með endurgreiðslu séu fjárdráttur í skilningi 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og með síðari breytingum.

Krafa um greiðslu á 350.000 krónum og EUR 19.400 byggi á að þetta séu þær fjárhæðir er greiddar hafi verið frá ACE FBO ehf. til stefnda eða félaga í hans eigu og krafist sé endurgreiðslu á. Dráttarvaxtakrafa þarfnist ekki skýringa, en upphafsdagur dráttarvaxta sé mánuði eftir dagsetningu kröfubréfs þrotabús ACE FBO ehf.

Auk XX. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. vísist til almennra reglna kröfu- og skaðabótaréttar, sem og laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Um vexti og dráttarvexti vísist til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafa stefnanda um málskostnað byggi á XXI. kafla laga nr. 91/1991. Um varnarþing vísist til 32. gr. laganna, en stefndi búi erlendis, en starfi mikið á Íslandi og reki fyrirtæki hérlendis. Sé sérstaklega vísað til 4. mgr. 32. gr. laganna, þar sem kveðið sé á um að sækja meggi mann, sem sé búsettur erlendis, í þeirri þinghá þar sem hann sé staddur við birtingu stefnu varði mál fjárskyldu hans við mann sem sé búsettur hér á landi eða félag, stofnun eða samtök sem eigi varnarþing hér. Þá vísist einnig til 41. gr. sömu laga.

Málsástæður og lagarök stefnda

Mál þetta sé að rekja til gjaldþrots félags stefnda og kröfu stefnanda um greiðslu EUR 19.400, sem stefnandi telji að stefndi eigi að greiða honum í skaðabætur, en

óumdeilt sé að stefndi hafi sjálfur ekki verið móttakandi umræddra greiðslna. Að auki sé krafa um greiðslu 350.000 króna með dráttarvöxtum. Stefndi telji af og frá að hann hafi valdið stefnanda tjóni og að honum beri að greiða honum umræddar greiðslur. Stefndi telji jafnframt að málið sé ekki tækt til dóms sem varði frávísun þess án kröfu.

Í stefnu séu kröfur sagðar byggja á því að stefndi hafi látið ACE FBO ehf. greiða sjálfum sér og félögum í sinni eigu fimm tilteknar greiðslur og þannig valdið stefnanda tjóni sem nemi andvirði umræddra greiðslna. Virðist málatilbúnaðurinn byggður á því að um hafi verið að ræða greiðslu krafna til tengdra félaga. Þrátt fyrir það sé ekki um riftunarmál að ræða, þ.e. riftun á greiðslu krafna samkvæmt 134. gr. laga nr. 21/1991. Kunni það að vera vegna þess að málshöfðunarfréttir samkvæmt 148. gr. laga nr. 21/1991 hafi fyrir löngu verið liðnir. Sé það svo að rökstuðningur fyrir kröfunni sé eins og rökstuðningur fyrir riftunarkröfu. Kunni það að vera vegna þess að skiptastjóri þrotabúsins hafi á fyrri stigum sent riftunarbréf vegna greiðslnanna. Beri vegna þessa að vísa málinu frá dómi á grundvelli vanreifunar og óskýrleika.

Málið virðist byggja á því að með umræddum fimm greiðslum hafi stefndi valdið stefnanda tjóni. Það sé þó ljóst að allar fimm greiðslurnar hafi borist til aðila, tveggja lögaðila og eins einstaklings, er séu gjaldfærir. Stefndi hafi ekki reynt að innheimta umræddar greiðslur hjá umræddum aðilum eða reynt að útskýra hvernig stefndi eigi að hafa orðið fyrir tjóni vegna greiðslu til þeirra. Sé því augljóst að um vanreifun á tjóni sé að ræða og að málatilbúnaður stefnanda sé því ekki samrýmanlegur gögnum málsins. Sé það ekki skýrt því ekki sé hér um neitt tjón að ræða. Stefnan sé því svo vanreifuð hvað varðar skaðabótaskyldu stefnda að það beri að vísa henni frá dómi.

Málið sé þá byggt á því að stefndi hafi tekið ákvörðun um umræddar greiðslur. Gögn beri þó ekki með sér að hann hafi tekið slíka ákvörðun, auk þess sem ekkert komi fram um það í skýrslutöku yfir stefnda. Sé því alfarið mótmælt. Þar sem sú málsástæða og grundvöllur málsins séu ekki samrýmanleg gögnum beri að vísa málinu frá.

Því sé haldið fram að stefndi sé eigandi þeirra félaga er tekið hafi við greiðslum. Stefndi sé eigandi Arwen Establishment en hann sé ekki eigandi Kimi Residence. Engin gögn liggi frammi um það og sé sú fullyrðing og grundvöllur málsins þannig ekki samrýmanleg gögnum málsins og beri því að vísa málinu frá dómi vegna þess.

Málið sé höfðað á hendur stefnda vegna greiðslna er farið hafi til tveggja erlendra lögaðila. Það sé algjörlega vanreifað í stefnu hvernig íslenskt þrotabú geti átt skaðabótakröfu á hendur íslenskum ríkisborgara með lögheimili í Sviss vegna millifærslna sem farið hafi á tvo lögaðila. Slík vanreifun á grundvelli málsins eigi að hafa í för með sér frávísun. Ekkert í málinu styðji það að stefndi hafi fengið umræddar greiðslur eða gert eitthvað sem valdið hafi stefnanda tjóni. Slíkt sé algjörlega vanreifað.

Stefndi telji að umræddar greiðslur hafi ekki verið á viðskiptalegum forsendum heldur hafi verið um að ræða greiðslur á persónulegum kostnaði stefnda eða óheimilar

lánveitingar til hans. Það sé þó svo að gögn málsins sýni fram á hvorugt, enda um að ræða rangar fullyrðingar án rökstuðnings. Um hafi verið að ræða greiðslur á sannanlegri skuld er ársreikningur félagsins beri með sér að hafi verið til staðar. Fullyrðingar stefnanda séu ekki samrýmanlegar gögnum málsins og beri að vísa málinu frá dómi.

Stefnandi byggji ekki á 5. mgr. 79. gr. einkahlutafélagalaga nr. 134/1994 um að þeir sem gerðu eða framkvæmdu ráðstafanir séu ábyrgir fyrir tapi félagsins, heldur sé aðeins vísað í almennu skaðabótaregluna, sbr. 4. mgr. 79. gr. ehfl. og ákvæði ehfl. um ábyrgð stjórnarmanna, án þess að vísa beint í ákvæði um ábyrgð stjórnarmanna eða rökstyðja hvernig þau eigi við. Ekki verði séð hvernig koma eigi að vörnum gegn almennri tilvísun í ákvæði ehfl. um ábyrgð stjórnarmanna án þess að nánari rökstuðningur liggi fyrir um hvernig þau eigi við í þessu máli. Fullyrðingar séu þannig ekki samrýmanlegar gögnum málsins og beri því að vísa málinu frá dómi.

Líkt og komi fram í tölvupósti frá stefnda, dags. 6. nóvember 2020, til skiptastjóra stefnanda, þá hafi umræddar greiðslur til Arwen og Kimi Residence verið viðskiptalegs eðlis. Sama hafi átt við um greiðslur til stefnda. Millifærslur til Arwen hafi verið endurgreiðslur á láni sem Arwen hafi veitt félaginu og styðji ársreikningur félagsins þá fullyrðingu. Þá komi 79. gr. ehfl. ekki í veg fyrir að félag endurgreiði lán er veitt hafi verið félaginu, heldur eingöngu að félag veiti lán eða leggi fram tryggingu.

Í ljósi þess að um hafi verið að ræða endurgreiðslu á láni hefði skiptastjóra borið að höfða riftunarmál innan málshöfðunarfrests 148. gr. laga nr. 21/1991. Það hafi ekki verið gert og stefnandi hafi hér klætt riftunarmál á skuld í búning óheimillar lánveitingar, þvert á og í andstöðu við fyrirliggjandi framburð fyrirsvarsmanns, ársreikning félagsins og fyrirliggjandi riftunarbréf þrotabúsins og ætti því að leiða til frávísunar.

Komi fram í framlögðum gögnum í dómsmáli og í samtímagögnum að atvik og kröfur séu með ákveðnum hætti verði að byggja á því að það sé rétt. Sé málatilbúnaður stefnanda í dómsmáli byggður á því að mál séu með öðrum hætti en fram komi í samtímagögnum, þá verði sá aðili að sýna fram á og sanna af hverju samtímagögn séu röng hvað það varði. Geri hann það ekki, þá beri að sýkna af kröfum. Sé það aftur á móti svo að ekki sé gerð tilraun til þess að útskýra af hverju samtímagögn séu röng, auk þess sem öðru sé haldið fram en samtímagögn sýni fram á, án tilraunar til útskýringar á því hvers vegna fullyrðingar á skjön við samtímagögn séu settar fram og hver grundvöllur þeirra sé, þá telji stefndi að krafan sé svo verulega vanreifufð að ekki sé hægt að leggja á hana dóm og beri því að vísa málinu frá dómi.

Gögn málsins beri með sér að millifærslur hafi að nokkru leyti farið til erlendra lögaðila en ekki stefnda. Það hvernig slíkar millifærslur, sem fari til erlendra lögaðila sem séu gjaldfærir, sem ekki hafi verið reynt að innheimta og þar með ekki verið sýnt fram á neitt tjón, geti talist hafa valdið stefnanda tjóni sem stefndi, einstaklingur, beri ábyrgð á sé algjörlega vanreifað og sé slíkur málatilbúnaður með hreinum ólíkindum.

Samkvæmt framangreindu sé ljóst að gögn málsins styðji ekki málatilbúnað stefnanda og hafi slíkt ekki í för með sér frávísun hafi það í för með sér sýknu. Sé byggt á því að málsástæður fyrir kröfu um frávísun eigi einnig við um sýknukröfu.

Verði kröfur um frávísun og sýknu á grundvelli framangreindra atriða ekki teknar til greina byggi stefndi einnig á því að sýkna ætti hann af öllum kröfum stefnanda vegna aðildarskorts. Umræddar greiðslur hafi að hluta til verið greiddar til tveggja félaga. Ekkert í stefnu sýni fram á að stefndi hafi framkvæmt greiðslurnar eða tekið ákvörðun um þær. Þá sé því ranglega haldið fram að hann sé eigandi Kimi Residence. Umræddum kröfum hefði í öndverðu átt að beina að félögunum tveimur sem móttöku greiðslurnar sem greiðslu á kröfum sínum á hendur stefnanda og því beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda á grundvelli aðildarskorts. Stefndi hafi ekki verið móttakandi umræddra greiðslna nema að litlu leyti. Hafi þar verið um greiðslu skuldar að ræða. Skuldara sé ávallt heimilt að greiða skuldir sínar og því beri að sýkna stefnda.

Telji stefnandi að greiðsla skuldar hafi verið riftanleg hefði þurft að höfða riftunarmál. Þá séu engin skilyrði skaðabótaábyrgðar stefnda sönnuð, þ.m.t. tjón, sennileg afleiðing og orsakatengsl, og því beri að sýkna. Stefndi þurfi þá ekki að sýna fram á gjaldfærni félagsins á þeim tíma sem greiðslurnar hafi verið inntar af hendi, eins og segi í stefnu, þar sem engin skilyrði skaðabótaábyrgðar stefnda séu sönnuð og því enginn grundvöllur fyrir kröfum stefnanda. Í lok árs 2018 hafi eigið fé félagsins verið 43.611.111 krónur og hagnaður af rekstri þess á árinu 2018 verið 6.207.736 krónur. Sé því augljóst að félagið hafi verið gjaldfært á þeim tíma sem greiðslurnar hafi átt sér stað og því verið heimilt að nýta fjármuni þess með þeim hætti sem það hafi kosið.

Samandregið standi ekki steinn yfir steini í málatilbúnaði stefnanda. Rök fyrir frávísunarkröfu séu augljós, auk þess sem ómöguleiki sé fólgin í að sækja skaðabætur á hendur einstaklingi þegar ekki hafi verið reynd innheimta hjá raunverulegum móttakanda fjármuna, sérstaklega þegar þeir móttakendur séu gjaldfærir og í rekstri. Þá sé augljóslega ekkert tjón til staðar. Stefndi geti ekki valið að beina kröfum að einstaklingi í slíku máli þegar ljóst sé að tímafrestir séu liðnir til höfðunar riftunarmáls og það mögulega erfiðleikum bundið að sækja fjárkröfu á varnarþingi erlendra aðila. Þá beri að sýkna stefnda. Með vísan til framangreinds byggir stefndi á því að vísa beri málinu frá, en sé ekki fallist á það beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Stefndi byggi á XX. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., einkum 134. og 148. gr. Þá vísist til meginreglna skaðabótaréttarins um skaðabótaábyrgð og til laga um einkahlutafélög nr. 138/1994, einkum 4. og 5. mgr. 79. gr. laganna. Krafa um málskostnað byggi á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Stefnandi hefur leiðrétt kröfugerð sína til lækkunar fyrir dómi um 200 evrur. En sem rakið er að framansögðu, þá var frávísunarkröfu stefnanda í máli þessu hrundið á fyrri stigum þess þar sem stefnandi átti þess þá mögulega kost að renna frekari stoðum undir kröfur sínar, svo sem með framlagningu gagna og sönnunarfærslu fyrir dómi. Liggur nú fyrir að engin slík viðbótargögn hafa verið lögð fram í málinu, né fóru fram skýrslutökur, þrátt fyrir að tekið hafi verið undir annmarka í munnlegum úrskurði.

Stefnandi kys að höfða mál þetta sem skaðabótamál og krefst greiðslna úr hendi stefnda byggt á því að sönnuð sé sök hans og ábyrgð á umræddum greiðslum. Í fyrsta lagi er þá hér til þess að líta, að enn virðast þó engin viðhlítandi gögn hafa verið lögð fram í þessu máli varðandi hér framangreindar 200.000 króna og 150.000 króna greiðslur til stefnda, sbr. athugasemdir í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 17. mars 2023 í máli nr. I-3969/2022, sbr. úrskurður Landsréttar frá 9. maí 2023 í máli nr. 252/2023. Hvað varðar þá síðan framangreinda kröfugerð stefnanda í evrum, þá fellst dómurinn á það með stefnda, að málatilbúnaði stefnanda varðandi þær kröfur sé enn verulega áfátt varðandi útskýringu á tjóni stefnanda. Það er þá einkum með hvaða hætti stefnandi eigi þá sannanlega að hafa valdið tjóninu og hvernig gögn málsins eigi að geta stutt nægilega við málatilbúnað stefnanda í þá veru. Felst dómurinn á það með stefnda að stefnanda hafi við svo búið ekki tekist að ráða bót á þessum annmörkum á málatilbúnaði sínum og að óhjákvæmilegt sé því að vísa beri máli þessu í heild frá dómi sökum vanreifunar, sbr. hér einkum e- og g-liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

Í ljósi niðurstöðunnar, sem og reksturs málsins í heild, sbr. úrskurð Landsréttar í máli nr. 252/2023, þar sem rakin er framvinda tengd endurupptöku málsins, þykir rétt að stefnanda verði hér gert að greiða stefnda alls 500.000 krónur í málskostnað.

Málið flutti fyrir stefnanda Sveinn Andri Sveinsson lögmaður, en fyrir stefnda flutti málið Ólafur Eiríksson lögmaður.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi greiði stefnda 500.000 krónur í málskostnað.

Pétur Dam Leifsson